

**Fundargerð 75. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 12.maí 2015 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

**Dagskrá fundar****1. Bréf vegna framkvæmda við Skrúð í Dýrafirði**

Birni falið að boða stjórnarmenn Skrúðs á fund en hvorki hefur borist ný framvindu- eða lokaskýrsla. Í fundarboðum þarf að áréttta hvað sé styrkhæft í fyrirliggjandi áætlun og hvað ekki t.d. laun og ferðakostnaður stjórnarmanna sem þó mætti leggja fram sem mótframlag. Stefna að fundi 18. maí kl. 9:00. Bjóða einnig upp á símafund fyrir þá sem ekki eiga heimangengt.

**2. Fyrirspurn ráðherra**

Fyrirspurn barst iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá Birgittu Jónsdóttur alþingismanni með eftirfarandi spurningum

1. Hversu margir styrkir hafa verið veittir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, sundurliðað eftir styrkþegum og fjárhæðum styrkja?
2. Hvernig er eftirliti með nýtingu styrkjanna háttað?
3. Eru dæmi um að verkefni hafi hlotið styrki úr sjóðnum oftar en einu sinni og ef svo er, hvaða verkefni?
4. Hefur ráðherra staðið fyrir mati á framkvæmd laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaðalíkt og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum?

Stjórn framkvæmdasjóðsins og umhverfisstjóri voru beðin um að aðstoða við svar og Birni falið að útbúa það fyrir hönd Framkvæmdasjóðsins og Ferðamálastofu. Björn tók niður athugasemdir stjórnar til að nýta í svari til ráðherra. Meðal þeirra voru:

- Eftirlitið fer fram með yfirferð framvindu- og lokaskýrsla
- Fyrsta úthlutun fór fram 2012 og því mörg verkefni í vinnslu
- Stjórnin fer reglulega yfir stöðu sjóðsins
- Rökstuðningur fyrir úthlutunum kemur fram á heimasíðu Ferðamálastofu
- Á sumum stöðum eru fleiri en eitt verkefni í gangi og hafa staðirnir því fengið fleiri en einn styrk

**3. Fyrirhuguð ferð stjórnar**

Fyrirkomulag ferða rætt. Björn vísar á Íslandskort þar sem sjá megi staðsetningu þeirra staða sem fengið hafi styrk.

**4. Önnur mál**

Björn beðinn um að hringja í Þórð í Vatnjökli og Ólaf á Þingvöllum og aðra sem skulda skýrslur til að ítreka skil.

Fundi slitið kl. 10.00

Fundargerð rituðu Sólrún Anna Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

*Helena Auðardóttir*  
*Sigrún Brynjarsdóttir*  
*Anna Magnúsdóttir*  
*Sólrún Anna Jónsdóttir*